

Fundargerð.**Fundur í umhverfisnefnd 10.07.2002.**

Mættir: Hrafngerður, Unnsteinn, Hulda G., Henry auk Björns sveitarstjóra.

1. Mál. Sorpbrennsla.

Ofn sem er falur frá Kirkjubæjarklaustri er of lítill, dugar ekki fyrir íþr.hús. Umræður um urðunarmál og brennslu. Rætt um möguleika á að nýta varma frá H.Þ. verksmiðju.

2. Mál. Verkskipting innan umhverfisnefndar.

Staðardagskrá 21, samþykkt að Hrafngerður haldi utan um það mál, Hulda Gests haldi utan um græn svæði, gróðurmál, ráðgjöf o.s.frv. Rætt um fjöruhreinsanir.

3. Mál. Nota skel sem ofaniburð á vegi.

Vísað til hreppsnefndar að gera tilraun og bera skel ofan í veg á Hálsvegi, frá tjaldstæði og uppúr. Bætir útlit og rykbindur.

4. Mál. Fundartími nefndar:

Fyrsti miðvikud. hvers mánaðar, hádegisfundur. Síðan kallað á aukafundi eftir þörfum.

5. Mál. Önnur mál:

Tillaga Huldu, að keypt verði greinakvörn til að saxa timbur. Henry falið að kanna verð og getu. Sveitarstjóri kannar m/erindisbréf nefndar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Henry Ásgrímsson, ritari.